

Fundur í stjórn Hugvísindastofnunar 11. apríl 2012 kl. 10:00

Mætt voru: Arnfríður Guðmundsdóttir, Auður Hauksdóttir, Ármann Jakobsson, Ástráður Eysteinnsson (sem stjórnaði fundi), Guðni Elísson, Hjalti Hugason, Irma Erlingsdóttir, Svavar Hrafn Svavarsson, Valur Ingimundarson, Margrét Guðmundsdóttir, Mathew Whelpton og Eiríkur Smári Sigurðarson (sem ritaði fundargerð).

Fundargerð

1. *Úthlutun Rannsóknasjóðs.* ÁE lagði fram tillögu að úthlutun. ESS gerði grein fyrir tillögunni. ÁJ vék af fundi við umræðu um umsókn SFS-1. Alls bárust 16 umsóknir, þar af 8 um ráðstefnustyrki (nr. 1) og 5 um útgáfustyrki (nr. 3). Lagt til að styrkja 15 verkefni að hámarki 2.540.000.

Samþykkt einróma (sjá úthlutun í viðhengi).

2. *Endurskoðun á reglum Rannsóknasjóðs.* ÁE reifaði hugmyndir um breytingar á reglum sjóðsins. A: Styrkir vegna komu fræðimanna til Hugvísindasviðs (nr. 3) verðir stækkaðir; B: Meðferð umsókna um útgáfustyrki (nr. 4) verði einfölduð og bara tekið við umsóknum einu sinni á ári, í desember; C: Styrkir fyrir fræðimenn á uppbyggingaskeiði (nr. 5) verði endurskoðaðir eða lagðir niður. ESS bætti við D: Styrkir vegna þýðinga eða málfarsaðstoðar á framandi málum (nr. 6) verði lagðir niður. Talsverð umræða varð um hugmyndirnar.

Starfsfólki Hugvísindastofnunar falið að gera tillögu að breyttum reglum og leggja fyrir stjórn á næsta fundi.

3. *Önnur mál.* ÁE lagði til að ársfundur Hugvísindastofnunar verði haldinn 31. maí nk. sem dagsrárliður á sviðsþingi.

Fundi slitið kl. 11:30.

Viðhengi 1: Úthlutun Rannsóknasjóðs.

Rannsóknasjóður Hugvísindastofnunar: Úthlutun 2012-1				
Umsækjandi	Fl.	Lýsing	Úthlutað	Athugasemdir
B&L-1	3	Keith Oatley, í samstarfi við Hugsýn	20.000	
B&L-2	1	Árþing Forum Kulturpoetik	180.000	Endanleg upphæð veltur á kostnaði vegna húsnæðis.
B&L-3	4	Sæborgin (kom út 2011)	150.000	Styrkur vegna útgáfu 2011.
B&L-4	1	Traumaráðstefna, samstarf við EDDU	250.000	Endanleg upphæð veltur á kostnaði vegna húsnæðis.
EDDA	1	NIES ráðstefna, samstarf við Höfn	60.000	Endanleg upphæð veltur á kostnaði vegna húsnæðis.
EDDA-2	4	Crisis and Renewal	150.000	
GTS-1	1	Trú á 21. öld - samstarf við Sigubj. Ein	15.000	
GTS-2	4	Ritröðin, 2 hefti 2011 og 2 hefti 2012	600.000	Styrkur vegna tveggja ára, 2011 og 2012.
HSS	1	Staða kvenna í heimspeki	100.000	Fær styrk sem innlend ráðstefna. Endanleg upphæð veltur á kostnaði vegna húsnæðis.
HVS	3	Kevin J. Vanner, Miðaldastofa	20.000	
MVS-1	4	Safn íslenskra texta, ÍAM	150.000	
MVS-2	1	Ráðstefna um aukafallsfrumlög, samstarf við Bergen	250.000	Endanleg upphæð veltur á kostnaði vegna húsnæðis.
MVS-3	1	Máltækni fyrir alla, MáltækniSETUR	45.000	Endanleg upphæð veltur á kostnaði vegna húsnæðis.
SVF-1	1	Art in Translation	250.000	Endanleg upphæð veltur á kostnaði vegna húsnæðis.
SVF-2	4	Rekferðir og Víðsjá, komu út 2011	300.000	